SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is

# Áhugaverð stjórnenda- og sérfræðistörf hjá PCC BakkiSilicon



PCC Bakki Silicon

Viltu búa og starfa í návígi við ægifagra náttúru? PCC BakkiSilicon tekur til starfa á Bakka við Húsavík síðla árs 2017. Þegar er farið að huga að fyrstu ráðningum fyrir þetta spennandi verkefni. Kísilverið verður búið nýjustu tækni til framleiðslu og verður eitt tækniváeddasta kísilver í heiminum í dag. Umhverfis- og öryggismál verða sett á oddinn og skipa mjög mikilvægan sess.

Hjá PCC BakkiSilicon verður unnið eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

## Umhverfis- og gæðastjóri

Umhverfis- og gæðastjóri hefur umsjón og eftirlit með gæða- og umhverfismálum fyrirtækisins. Hann sér um uppbyggingu og innleiðingu á samræmdu stjórnkerfi byggðu á ISO 9001, 14001 og OHSAS 18001. Viðkomandi sér um rekstur rannsóknarstofu og stýrir því starfi ásamt samskiptum við stjórnvöld varðandi umhverfismál. Viðkomandi þarf að vera framsýnn og hafa haldgóða reynslu af gæða- og umhverfismálum ásamt því að hafa tileinkað sér verkfæri LEAN í framleiðsluferli. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi. Viðkomandi mun hafa mannaforráð og þarf að búa yfir afburða samskiptafærni ásamt hæfni til að fá aðra með sér til góðra verka.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í verkfræði eða önnur háskólamenntun á sviði vísinda eða tækni
- Lágmark 5 ára reynsla frá sambærilegum iðnaði
- Góð reynsla af því að hafa mannaforráð
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Reynsla af HSEQ (heilsa, öryggi, umhverfi og gæði) í iðnaðarumhverfi
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

## Sérfræðingur í gæðakerfum og straumlínustjórnun (LEAN)

Sérfræðingur í gæðakerfum og straumlínustjórnun hefur umsjón og eftirlit með samræmdu stjórnkerfi byggðu á ISO 9001, 14001 og OHSAS 18001. Viðkomandi þarf að vera framsýnn og hafa haldgóða reynslu af gæðakerfum og straumlínustjórnun ásamt því að hafa tileinkað sér verkfæri LEAN í framleiðsluferlinu. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í verkfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

## Umsjónarmaður tölvumála

Starfið felst í að tryggja rekstraröryggi tölvukerfa sem og uppsetningu ásamt notendaþjónustu. Um er að ræða umsjón með útstöðvum og netþjónum, uppsetningum og viðhaldi á þeim auk vinnu við öryggis- og aðgangsstýringar, ásamt öðrum verkefnum er tengjast starfinu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 3 ára reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking og reynsla af Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði svo sem Office 365, Microsoft Dynamics NAV og SharePoint
- Þekking og reynsla af netsamskiptum og Cisco netbúnaði
- Frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

## Verkefnastjóri bókhalds

Verkefnastjóri bókhalds hefur umsjón með bókun reikninga, uppgjöri á virðisaukaskatti og afstemmingum. Hann kemur að uppgjörsmálum og vinnur náið með öðrum starfsmönnum fjármáladeildar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla af bókhaldi og skilum til endurskoðanda
- Almenn tölvufærni
- Talnaleggni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi

## Verkefnastjóri viðhaldsmála

Verkefnastjóri viðhaldsmála heldur utan um skipulagningu viðhalds í nánu samstarfi við framleiðslu- og viðhaldsteymi. Meðal verkefna er að áætla notkun á tíma, varahlutum, efni og öðrum búnaði sem þarf til viðhaldsverka. Lögð verður áhersla á fyrirbyggjandi viðhald og þarf viðkomandi að vera framsýnn og afburða skipulagður. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nám í vélfræði, iðnfræði, vélvirkjun eða sambærilegt
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af skipulagningu viðhalds og áætlanagerð
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Góð kostnaðarvitund
- Frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum

**Umsókn óskast fyllt út á www.talent.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

**Umsjón með störfunum hefur Lind Einarsdóttir, lind@talent.is og í síma 552-1600.**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk.**



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

## RARIK - sérfræðingur í Orkuviðskiptahóp

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið*

*Upplýsingatæknideild sinnir rekstri og þróun vél- og hugbúnaðar RARIK, þar á meðal rekstri viðskiptakerfis fyrirtækisins í nánu samstarfi við tækni- og fjármálasvið fyrirtækisins og sinna 8 starfsmenn þessum verkum.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða sérfræðing inn í Orkuviðskiptahóp Upplýsingatæknideildar. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í innleiðingu, þróun og rekstri á nýju Orkuviðskiptakerfi innan Dynamics Ax. Um er að ræða fullt starf og er starfsstöðin í Reykjavík.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í þróun og rekstri orkuviðskiptakerfis
- Þátttaka í innleiðingu á nýju kerfi innan Dynamics Ax
- Samskipti við ytri aðila og starfsmenn Rarik
- Skýrslugerð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun ásamt þekkingu á upplýsingatækni eða kerfisfræði-/ tölvunarfræðimenntun með viðskiptaþekkingu
- Reynsla á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni er æskileg
- Reynsla af innleiðingu nýs kerfis er æskileg
- Þekking og reynsla af Dynamics Ax
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

*Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. október. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# Sérfræðingur í Vinnslu- og aðgangsstjórn

Upplýsingatæknideild Landsbankans leitar að áhugasömum aðila í starf sérfræðings í Vinnslu- og aðgangsstjórn sem tilheyrir UT Rekstri. Meginhlutverk UT Reksturs er markviss uppbygging og rekstur á tölvukerfum Landsbankans til að tryggja öruggt aðgengi viðskiptavina og starfsmanna að kerfum og gögnum.

### Helstu verkefni

- » Daglegur rekstur á runuvinnslum
- » Aðgangsstýring starfsmanna að tölvukerfum bankans
- » Starfsfólk í Vinnslu- og aðgangsstjórn skiptir með sér bakvöktum

### Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Kerfisfræði eða önnur tölvumenntun
- » Þekking og reynsla af rekstri á runuvinnslum og rekstrarumhverfi tölvukerfa
- » Reynsla af aðgangsstýringu er kostur
- » Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Steinsen, hópstjóri Vinnslu- og aðgangsstjórnar, í síma 410 7022 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í Vinnslu- og aðgangsstjórn* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk.



Jafnlaunaúttekt PwC

# Starfsmaður á lager

Ísfell ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á lager Ísfells í Hafnarfirði
Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi.

Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sjö stöðum á landinu. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur.

**Starfslýsing**

- Almenn lagerstörf

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af lagerstörfum
- Lyftarapróf er kostur
- Meirapróf er kostur
- Þekking á sjávarútvegi er kostur

**Umsóknarfrestur er til mánudagsins 3.október næstkomandi**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Rúnar Baldursson lagerstjóri, s. 5 200 519 / 664 0519
Umsóknir um starfið óskast sendar á netfangið katrin@isfell.is

ÍSFELL

**Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hf • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is**

# ERT ÞÚ REYNSLUBOLTI Í SMUR- OG DEKKJAÞJÓNUSTU?

Bílaleiga Flugleiða ehf. Hertz auglýsir eftir starfsmanni á viðhaldssvið fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af smur- og dekkjaþjónustu er skilyrði
- Meirapróf er kostur
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst
- Um framtíðarstarf er að ræða.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.hertz/atvinna
**Umsóknarfrestur er til 3. október n.k.**

Hertz®

SELHELLA 5 I 221 HAFNARFJÖRÐUR I SÍMI 522 44 00

**Vegna aukinna umsvifa, leitum við eftir góðu starfsfólki á ýmis svið fyrirtækisins. Ef þú vilt starfa hjá sívaxandi, fjölbreytilegu og traustu fyrirtæki þá hvetjum við þig til að leggja inn umsókn hjá okkur á https://www.hertz.is/atvinna**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201609/1256 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, bráðadeild | Reykjavík | 201609/1255 |
| Yfirlæknir meltingarlækninga | Landspítali, lyflækningasvið | Reykjavík | 201609/1254 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201609/1253 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, blóð-/krabbameinslækn. | Reykjavík | 201609/1252 |
| Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður | Landspítali, vökudeild, Barnaspítali | Reykjavík | 201609/1251 |
| Fangaverðir | Fangelsismálastofnun, Hólmsheiði | Reykjavík | 201609/1250 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, gjörgæsla við Hringbraut | Reykjavík | 201609/1249 |
| Skrifstofumaður á lager | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201609/1248 |
| Eftirlitsmenn, véla- og tækjaeftirlit | Vinnueftirlitið | Suðurnes | 201609/1247 |
| Fagstjóri lækninga | Heilsugæslan Mosfellsumdæmi | Mosfellsbær | 201609/1246 |
| Svæfingahjúkrunarfræðingur | Landspítali, svæfingadeild Fossvogi | Reykjavík | 201609/1245 |
| Verkefnastjóri | Landspítali, göngudeild BUGL | Reykjavík | 201609/1244 |
| Námsstöður í skurðlækningum | Landspítali | Reykjavík | 201609/1243 |
| Lektor í íslenskri málfræði | Háskóli Íslands, ísl.- og menningard. | Reykjavík | 201609/1242 |
| Embætti safnstjóra | Listasafn Íslands | Reykjavík | 201609/1241 |
| Verkefnastjóri | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Sauðárkrókur | 201609/1240 |

# ADMINISTRATIVE ASSISTANT

**(TEMPORARY 3 YEARS PROJECT)**

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir tímabundna stöðu Administrative Assistant lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til **30. september, 2016**.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the temporary full time position of Administrative Assistant. The closing date for this postion is **September 30, 2016**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :
**reykjavikvacancy@state.gov**

Íslensk verðbréf

# Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum

Íslensk verðbréf hf. leitar að sérfræðingi í sérhæfðum fjárfestingum á starfsstöð félagsins í Reykjavík. Viðkomandi mun starfa í teymi sérhæfðra fjárfestinga við greiningar á fyrirtækjum og fjárfestingakostum, eftirfylgni fjárfestinga, ásamt upplýsingagjöf og skýrslugerð til fjárfesta. Leitast er eftir aðila sem býr yfir öguðum og góðum vinnubrögðum, afbragðs færni í framsetningu upplýsinga ásamt brennandi áhuga á íslensku atvinnulífi.

Umsóknarfrestur
**2. október**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3737**

Starfssvið

- Greining fjárhagsupplýsinga og fjárfestingakosta
- Gerð verðmata
- Skýrslugerð til fjárfesta og sjóðsstjóra
- Eftirfylgni og vöktun fjárfestinga

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð þekking og færni í Microsoft Office
- Gott vald á íslensku og ensku
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Greiningarhæfni, vandvirkni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð þekking á íslensku atvinnulífi

ÍSLENSK VERÐBRÉF
— síðan 1987 —

Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki stofnað 1987 sem sinnir viðskiptavinum um allt land. Starfsmenn búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á verðbréfamarkaði samfara fjölbreyttri menntun. Íslensk verðbréf eru með starfsstöði á Akureyri sem og í Reykjavík.

Umsóknir verða unnar um leið og þær berast og því eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

## Kerfisrekstur - Linux og fleira

Spennandi tækifæri í boði og miklir framtíðarmöguleikar fyrir einstaklinga sem njóta sín í krefjandi verkefnum. Tölvunarfræðingar eða verkfræðingar með reynslu af kerfisrekstri eru sérstaklega áhugaverðir. Verkefnin eru í alþjóðlegu umhverfi og góð enskukunnátta mikilvæg.

Sjá nánar á www.intellecta.is.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



# OKKUR VANTAR MIKILVÆGA HLEKKI Í KEÐJUNA

**Landspítali auglýsir m.a. eftirtalin störf laus til umsóknar:**

- Yfirlæknir meltingalækninga á lyflækningasviði
- Sérfræðilæknir í bráðalækningum á bráðadeild
- Námsstöður í skurðlækningum við Landspítala
- Hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga
- Hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu við Hringbraut
- Hjúkrunarfræðingur á taugalækningadeild
- Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir á Vökudeild Barnaspítala Hringsins
- Svæfingahjúkrunarfræðingur á svæfingadeild í Fossvogi
- Skrifstofumaður á lager á skurðstofum
- Verkefnastjóri á göngudeild BUGL (barna- og unglingageðdeildar)

**Ef þú hefur áhuga á að takast á við krefjandi starf í líflegu og skemmtilegu umhverfi þá erum við að leita að þér.**

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala;**
www.landspitali.is/mannaudur og Starfatorgi; www.starfatorg.is

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

**UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN**

ICELAND RECRUITMENT

*Your key to Iceland recruitment*

**Breskir smiðir, kranamenn, JCB vélamenn tilbúnir til vinnu um allt Ísland.**

alan@icelandrecruitment.is Alan s. 775 7336

## Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og námsaðlögun auk kennslu. *Sjá nánar námskrá: http://saa.is/grein/um-afengis-og-vimuefnaradgjafa-saa/*

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf æskilegt.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: hjalti@saa.is

**Nánari upplýsingar veitir**
Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri
s. 8247620, netfang: hjalti@saa.is

SÁÁ

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**
- Starfsmaður í Sundlaug Kópavogs – karl
- Frístundaleiðbeinandi

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Deildarstjóri í leikskólann Núp

**Grunnskólar**
- Starfsmenn í dægradvöl í Kársnesskóla
- Forfallakennari í Salaskóla
- Skólaliði í ræstingu og gangavörslu í Snælandsskóla
- Starfsmaður í dægradvöl í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Bílstjóri óskast

**AKUREYRI – BORGARNES - AKUREYRI**

Óskum eftir bifreiðastjóra í fullt starf til þess að sjá um akstur strætó **milli Akureyrar og Borgarnes.**

**Hæfniskröfur:**
- D réttindi (rútupróf)
- Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti
- Hreint sakavottorð

HÓPBÍLAR

**www.hopbilar.is**

**Upplýsingar um starfið og móttöku umsókna veita:**
Ágúst, gusti@hopbilar.is s. 822-0073
Hildur, hildur@hopbilar.is s. 822-0069



# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**


# Viðskiptastjóri

Öflugt ráðgjafarfyrirtæki leitar að söludrifnum viðskiptastjóra.

Hlutverk viðskiptastjóra er að sinna helstu viðskiptavinum fyrirtækisins m.t.t. þarfa og lausna í upplýsingatæknimálum. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á öllum samskiptum við núverandi viðskiptavini ásamt þróun nýrra viðskiptasambanda.

Við viljum ráða einstakling með brennandi áhuga á því nýjasta í upplýsingatæknimálum, sterkt tengslanet, háskólamenntun á viðeigandi sviði og mikla þjónustulund.

Viðkomandi þarf að vera söludrifinn, hugmyndaríkur og óhræddur við að sækja ný viðskipti.

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 3. okt nk.**
Fullum trúnaði heitið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

LANDSPÍTALI

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem fleiri en 5.000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

# Deildarstjóri samskiptadeildar

Landspítali auglýsir eftir öflugum einstaklingi með mikla reynslu af samskipta- og kynningarmálum til að leiða samskiptadeild spítalans. Hlutverk samskiptadeildar er að móta og innleiða stefnu um innri og ytri samskipti og skipuleggja virka upplýsingamiðlun um stefnu og starfsemi spítalans, þ.m.t. innri og ytri vefmál.

Leitað er að kraftmiklum einstaklingi með mikinn metnað fyrir hönd spítalans og þekkingu á og reynslu af starfssviðinu. Starfið er krefjandi, í því felst mikil ábyrgð og verulega reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Starfssvið:**
- Fagleg forysta um ytri og innri samskiptamál spítalans
- Stefnumótun, innleiðing stefnu og samhæfing í samskipta- og kynningarmálum
- Yfirumsjón með ytri vef, innri vef og samfélagsmiðlum
- Fjölmiðlatengsl og stuðningur við talsmenn spítalans
- Umsjón með stærri viðburðum og útgáfu á vegum spítalans
- Umsjón með framleiðslu á kynningarmyndböndum
- Rekstur og stjórnun samskiptadeildar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af almannatengslum og kynningarmálum
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu
- Góð þekking á íslensku fjölmiðlaumhverfi
- Góð þekking á vefumsjón, vefþróun og samskiptamiðlum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Upplýsingar veitir:**
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „Laus störf“. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. okt. nk.**

**Ráðið verður í starfið frá og með 1. desember 2016 til 5 ára.**
Laun eru samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Um er að ræða fullt starf. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




Landsvirkjun

# Við leitum að **framúrskarandi** fólki

Landsvirkjun er rótgróið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum með virkum hætti að uppbyggingu í orkumálum og viðskiptalífi og viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum. Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

## Verkefnisstjóri
### Þróun gestastofa

Við óskum eftir að ráða útsjónarsaman og skipulagðan starfskraft til að ganga til liðs við samskiptasvið fyrirtækisins og leiða rekstur og þróun gestastofa. Í starfinu felst einnig að þróa tækifæri til samstarfs við ferðaþjónustuaðila um land allt.

Allt rafmagn á Íslandi er unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatni, jarðvarma og vindi. Þetta er einn þeirra fjölmörgu þátta sem skapa Íslandi sérstöðu á heimsmælikvarða og býður þar af leiðandi upp á ótal tækifæri. Árlega heimsækja yfir 30 þúsund innlendir og erlendir ferðamenn gestastofur í aflstöðvum Landsvirkjunar.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sturla Jóhann Hreinsson (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is).

## Sérfræðingur
### Mývatnssvæði

Um er að ræða stöðu sem snýr að fjölbreyttum viðhalds- og rekstrarverkefnum um endurbætur, innkaup og utanumhald búnaðar auk lagerhalds. Viðkomandi ber ábyrgð á að viðhaldsstefnu Landsvirkjunar sé framfylgt og að verk séu faglega unnin ásamt því að hafa umsjón með gæða-, umhverfis- og öryggismálum á svæðinu.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

## Verkefnisstjóri
### Umhverfis- og samfélagsmál

Starfið er á Þjórsársvæði og í því felast fjölbreytt verkefni á sviði umhverfis-, heilbrigðis-, gæða- og samfélagsmála. Viðkomandi vinnur að eftirliti, gagnaöflun og kynningu á niðurstöðum úr mælingum og rannsóknum í þessum málaflokkum. Verkefnisstjóri annast eftirlit með ytri og innri kröfum vegna starfsleyfis aflstöðva á Þjórsársvæði og hefur umsjón með að þeim sé framfylgt. Verkefnisstjórinn hefur auk þess umsjón með samskiptaáætlun Þjórsársvæðis og fylgir eftir samskiptum við eftirlits- og hagsmunaaðila ásamt því að hafa umsjón með kynningarefni og móttöku gesta.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

## Stöðvarverðir
### Mývatnssvæði

Landsvirkjun leitar að tveimur einstaklingum; vélfræðingi og rafvirkja, til starfa á Mývatnssvæði. Í störfunum felst umsjón með rekstri aflstöðva og veitumannvirkja við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki auk eftirlits og viðhalds aflstöðva. Stöðvarverðir vinna markvisst að því að efla rekstraröryggi og hagkvæmni ásamt því að hafa umsjón með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

## Stöðvarvörður
### Blöndustöð

Landsvirkjun óskar eftir að ráða vélfræðing til að annast rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja við Blöndustöð. Í starfinu felst meðal annars vinna við aukið rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstrinum. Stöðvarvörður hefur einnig eftirlit með því að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október. Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.




www.landsvirkjun.is



— UMSJÓN LJÓSLEIÐARAKERFIS

# KOMDU FÓLKI Í SAMBAND VIÐ FRAMTÍÐINA

Ljósleiðaradeild GR leitar að starfsmanni sem hefur það hlutverk að hafa umsjón með grunnkerfi Ljósleiðarans þannig að viðskiptavinir okkar geti treyst öruggri tengingu. Við leitum að jákvæðum, útsjónarsömum og samskiptaliprum félaga í samhentan hóp sem sér um uppbyggingu, viðhald og rekstur grunnkerfis Ljósleiðarans.

ÞÚ TRYGGIR ÖRUGGT HÁGÆÐASAMBAND:
Starfið felur í sér að tryggja gæði við lagningu grunnkerfis Ljósleiðarans með því að:

- Sinna fageftirliti á ljósleiðaraframkvæmdum
- Sinna ráðgjöf og samskiptum við verktaka
- Taka út ljósleiðaraframkvæmdir
- Meta ástand ljósleiðarakerfis

Til að sinna starfinu vel þarftu að hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi s.s. á sviði rafiðnaðar og hafa haldbæra þekkingu og reynslu af framkvæmdum við ljósleiðara. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Við tökum á móti umsóknum á ráðningarsíðu okkar: starf.or.is/gagnaveitan/ þar sem nánari upplýsingar er að finna. Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2016. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi á netfanginu starf@gagnaveita.is.

Kíktu á www.ljosleidarinn.is eða Ljósleiðarinn á Facebook!

Gagnaveita Reykjavíkur er fjölbreyttur vinnustaður þar sem um 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans. Hjá GR er fagmennska og góður starfsandi í fyrirrúmi, við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

## SÖLUMAÐUR ÓSKAST!

Heimahúsið óskar eftir sölumanni í afleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af afgreiðslustörfum og góða tölvukunnáttu. Við leggjum áherslu á góða þjónustulund og stundvísi.

Skilafrestur umsókna er til 1. október. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á valur@heimahusid.is

HEIMAHÚSIÐ

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Bókari og skrifstofustarf:

Búmenn eru húsnæðissamvinnufélag sem var stofnað með það að markmiði að byggja og reka búsetu íbúðir fyrir félagsmenn sína. Búmenn eru með 540 íbúðir í 13 sveitarfélögum víðsvegar um land.

**Umsóknarfrestur er til 30 september 2016**

**Starfsvið:**
Um er að ræða hlutastarf 60%
Umsjón með bókhaldi
Milliuppgjör
Aðstoð við gerð greiðsluáætlana
Aðstoð við gerð rekstraráætlana
Reikningagerð
Ábyrgða á skjalamálum
Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af bókhaldi skilyrði.
Reynsla af DK bókhaldskerfi skilyrði
Menntun á sviði bókhalds æskileg
Góð tölvukunnátta
Góð samskipti og samstarfshæfni
Sveigjanleg/ur og viljug/ur að ganga í fjölbreytt verkefni

**Upplýsingar veitir Úlfar Þór Indriðason, framkvæmdastjóri Búmanna í síma 552 5644 og einnig er hægt að senda tölvupóst á ulfar@bumenn.is**



## Byggingarstjóri

**Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir að ráða byggingarstjóra í viðhaldi leiguíbúða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.**

Fasteignir Akureyrarbæjar eru eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar.
Félagið hefur sérstaka stjórn sem starfar í umboði bæjarstjórnar og hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins.
Helstu verkefni félagsins eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna.
- Gerð viðhaldsáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og þjónustuaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistari á byggingarsviði eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfið.
- Þekking a byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2016**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001




## VERKEFNASTJÓRI Í SÖLUDEILD

*Helstu verkefni:*

- Umsjón með hótelbókunum
- Umsjón og ráðgjöf við hópabókanir
- Utanumhald og þróun ferla vegna sölu og þjónustu við hótelbókanir
- Kynningar fyrir ferðaskrifstofur og viðskiptavini þeirra
- Önnur verkefni í samráði við rekstrarstjóra söludeildar

*Hæfniskröfur:*

- Menntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og faglegur metnaður
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

## SÖLUFULLTRÚI Í SÖLUDEILD

*Helstu verkefni:*

- Sala og ráðgjöf
- Þjónusta við viðskiptavini
- Ráðgjöf við hópabókanir
- Ýmis tilfallandi verkefni

*Hæfniskröfur:*

- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Áreiðanleiki, vandvirkni og stundvísi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Um vaktavinnnu er að ræða.

Nánari upplýsingar veita Embla Grétarsdóttir og Sigrún Halldórsdóttir sérfræðingar á mannauðssviði í síma 420-8800.
Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Bláa Lónsins, www.bluelagoon.is/atvinna

**Umsóknarfrestur er til og með 9. október 2016.**

BLUE LAGOON
ICELAND

## Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Vinnutími 10-18 eða 13-18 og eitthvað um helgar. Framtíðarstarf.

Áhugasamir sæki um á netfangið **bjornsbakari@bjornsbakari.is** merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ Sími: 561 1433

## RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðar starfa. Umsókn sendist á netfangið rafbodi@rafbodi.is. Þurfa að geta byrjað sem fyrst.

RAFBOÐI ehf.

Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

## LAGERMAÐUR ÓSKAST!

Húsgagnaverslunin Heimahúsið óskar eftir starfsmanni á lager í fullt starf. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi. Við leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi.

Skilafrestur umsókna er til 1. október. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á valur@heimahusid.is

HEIMAHÚSIÐ

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri lækninga

## Heilsugæslan Mosfellsumdæmi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Mosfellsumdæmi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfaglegt teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

### *Hæfnikröfur*

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Þengilsdóttir, svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis – 510-0700 svanhildur.thengilsdottir@heilsugaeslan.is.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**



## VANTAR ÞIG VINNU?

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustuglöðum einstaklingi til að sinna sölustarfi.

Starfshlutfall er 100%

Þarf að hefja störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið:

**matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu

ÍSAM

## VILT ÞÚ VERA HLUTI AF FRÁBÆRU SÖLUTEYMI?

Okkur vantar frábæran kjötinðnaðarmann til liðs við okkur!

Vegna aukinna umsvifa óskar ÍSAM eftir öflugum sölumanni. Við leitum að einstaklingi með kjötiðnaðarmenntun og/eða góða reynslu á því sviði. Viðkomandi mun sinna sölu á matvörum og rekstrarvörum fyrir kjötvinnslur, búðir og mötuneyti og þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**

- Sala á vörum fyrirtækisins.
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda.
- Gerð sölu- og innkaupaáætlana.
- Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun eða mikil reynsla á sviði kjötiðnaðar.
- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar.
- Almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Reynsla af sölumennsku er kostur

ÍSAM ehf er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍSAM á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna Hjá ÍSAM starfa nú um 400 manns. Stefna ÍSAM er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

Upplýsingar um starfið veitir Þórður Bragason, rekstrarstjóri í síma 522 2700. Áhugasamir sæki um á vef fyrirtækisins www.isam.is í síðasta lagi **10. október 2016**

***Ánægt starfsfólk er okkar metnaður***

**Ísam ehf Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík • s. 522 2700 • www.isam.is**

# VANTAR ÞIG VINNU?

**Nettó Granda**
óskar eftir vaktstjóra á kvöldvakt og starfsfólki á aukavaktir

Óskað er eftir starfsfólki 18 ára og eldra

Umsóknarfrestur er til og með **3. október**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum netfangið **grandi@netto.is**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Ellert Hjelm Gestsson verslunarstjóri Nettó Granda í síma 773-3007

nettó

---

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

# Sérfræðingur í fjárstýringu

**Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling til starfa í fjárstýringardeild skrifstofunnar.**

Reykjavík er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með um 9 þúsund starfsmenn. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. Fjárstýringardeild er deild innan Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og starfar eftir stefnum, reglum og gildum Fjármálaskrifstofu. Fjárstýringardeild ber ábyrgð á lána-, áhættu- og sjóðastýringu borgarsjóðs ásamt gerð greiðsluáætlunar. Deildin hefur einnig eftirlit með innheimtum borgarsjóðs, greiðslu reikninga, álagningarstofni fasteignagjalda og álagningu þeirra. Fjárstýringardeild starfar samkvæmt reglum um fjárstýringu og áhættustýringu sem borgarráð hefur sett.ber ennfremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

**Helstu verkefni eru:**
- Dagleg stýring á borgarsjóði
- Stefnumótun og skýrslugjöf um fjárstýringu og áhættu tengdri fjárstýringu borgarsjóðs
- Þróun fjárhagslegra mælikvarða og markmiða til árangursmælinga
- Þróun sviðsmynda og álagsprófa til áhættugreininga í náinni samvinnu við áhættumatsdeild og áætlunar- og greiningardeild Fjármálaskrifstofu

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á upplýsingatækni og notkun hennar til úrvinnslu gagna og skýrslugjafar
- Gagnrýnin hugsun og rík greiningarhæfni
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði á mæltu og rituðu máli, og hæfileiki til að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Framhaldsmenntun eða starfsreynsla er æskileg

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2016.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is /storf.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Helga Benediktsdóttir í síma 411-1111 eða í netfang **helga.benediktsdottir@reykavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## **VERKEFNASTJÓRI**
## Á AKUREYRARFLUGVELLI

Við leitum að kraftmiklum verkefnastjóra til að byggja upp og þróa starfsemi Akureyrarflugvallar. Helstu verkefni eru umsjón með þjálfun, skipulagning björgunar- og slökkviþjónustu og aðstoð við daglegan rekstur flugvallarins.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af hópastarfi er kostur, t.d. við kennslu eða þjálfun
- Reynsla af björgunar- og slökkvistörfum er kostur
- Þekking á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.




16-2725 — HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

STARFSSTÖÐ: **AKUREYRARFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNARFRESTUR: **9. OKTÓBER 2016**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

Krispy Kreme
DOUGHNUTS®

# 5. NÓVEMBER Í SMÁRALIND

Krispy Kreme hóf starfsemi sumarið 1937 en þá hafði Bandaríkjamaðurinn Vernon Rudolph kynnst bestu kleinuhringjum sem hann hafði smakkað og falast eftir uppskriftinni frá frönskum matreiðslumanni sem bjó í New Orleans. Með uppskriftina í farteskinu leigði hann húsnæði í Winston-Salem og hóf að selja Krispy Kreme kleinuhringi í matvöruverslanir í hverfinu. Í dag eru yfir 1.100 Krispy Kreme staðir í heiminum og sama uppskriftin enn notuð, enda óþarfi að breyta því sem er jafn bragðgott og ljúffengt.



# VERTU MEÐ OKKUR FRÁ UPPHAFI

## AFGREIÐSLUSTÖRF

Við leitum að áhugasömum og lífsglöðum einstaklingum til starfa á kaffihúsi Krispy Kreme. Bæði fullt starf og hlutastörf eru í boði – Unnið er á vöktum.
Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Stundvísi
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Íslenskumælandi

## UPPVASKARAR

Leitum að öflugum uppvaskara til að vinna í framleiðslurými og undir stjórn framleiðslustjóra. Unnið er á vöktum.
Hæfniskröfur:

- Stundvísi og dugnaður
- Geta til þess að vinna undir álagi
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Íslenska ekki skilyrði

## VAKTSTJÓRAR

Við leitum að skipulögðum og drífandi einstaklingum í fullt starf. Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg. Aðeins 24 ára og eldri koma til greina. Vaktstjóri ber ábyrgð á þjónustu, verkferlum, verkstjórn og þjálfun starfsfólks.
Hæfniskröfur:

- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Almenn tölvukunnátta
- Íslenskumælandi

## FRAMLEIÐSLA

Starfsmenn munu vinna náið með framleiðslustjórum, viðhalda nákvæmu birgðaplani ásamt öðrum verkefnum sem falla undir framleiðslu. Viðkomandi þarf að geta unnið á stórar og smáar vélar sem notaðar eru við framleiðslu kleinuhringja. Mikil ábyrgð fylgir þessu starfi og unnið er á 2-2-3 vöktum.
Hæfniskröfur:

- Reynsla af matvælaframleiðslu kostur en ekki skilyrði
- Nákvæm vinnubrögð og vinnusemi
- Geta til þess að vinna undir álagi
- Fylgt heilbrigðisreglum
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Íslenska ekki skilyrði

## KAFFIBARÞJÓNAR

Elskar þú kaffi? Við leitum að áhugasömum kaffiunnendum í störf kaffibarþjóna. Störfin felast í sölu og framleiðslu á kaffidrykkjum. Starfsmenn munu fara á námskeið og fá ítarlega kennslu í kaffigerð. Unnið er á 2-2-3 vöktum.
Hæfniskröfur:

- Nákvæm vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Reynsla af kaffibarþjónastörfum kostur en ekki skilyrði
- Íslenskumælandi

## SKREYTINGAMEISTARAR

Ertu listamaður? Við leitum að fólki með áhuga á bakstri og skreytingum til að vinna í framleiðslu Krispy Kreme. Unnið er náið með framleiðslustjórum og öðrum starfsmönnum. Bæði fullt starf og hlutastörf eru í boði – Unnið er á vöktum
Hæfniskröfur:

- Reynsla af bakstri og skreytingum kostur en ekki skilyrði
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagning
- Fylgt heilbrigðisreglum
- Góð mannleg samskipti og snyrtimennska
- Íslenska ekki skilyrði

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur biðjum við þig að senda ferilskrá á tölvupóstfangið storf@krispykreme.is. Umsóknarfrestur er til 30. september.

/KrispyKremeIS #KrispyKremeIS

Krispy Kreme DOUGHNUTS®

www.n1.is facebook.com/enneinn




# Ertu ferskur og framtakssamur?

**Verkefnastjóri veitingasölu hjá Nesti**

Með Nesti hefur N1 aukið áherslu á ferskleika og holla valkosti í veitingasölu. Starfræktir eru veitingastaðir með eldhúsi á tíu Nestisstöðvum um land allt. Við leitum að verkefnastjóra til að þróa þetta verkefni áfram.

**Hæfniskröfur:**
Við leitum að hæfileikaríkri fagmanneskju með jákvætt viðhorf, þekkingu á matargerð og getu til að miðla henni til samstarfsfólks. Menntun í faginu og reynsla af stjórnun er æskileg.

**Í boði er:**
Framtíðarstarf eða tímabundin verkefnastjórnun í skemmtilegu og fjölskylduvænu vinnuumhverfi með fjölbreyttum áskorunum.

Umsóknir óskast sendar á **www.n1.is** merktar „Verkefnastjóri veitingarekstur“.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2016.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Hluti af daglegu lífi N1

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

ICELAND RECRUITMENT

*Your key to Iceland recruitment*

**Breskir smiðir, kranamenn, JCB vélamenn tilbúnir til vinnu um allt Ísland.**

alan@icelandrecruitment.is Alan s. 775 7336

BioPol

Háskólinn á Akureyri

## Sérfræðingur á sviði matvælafræði

BioPol ehf., Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd í samstarfi við Háskólann á Akureyri óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði matvælafræði eða einstakling með sambærilega menntun. Umsækjanda er ætlað að styðja frumkvöðlastarf í matvælavinnslu sem sett verður upp í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf, sjá um samskipti við opinbera leyfisveitendur og taka þátt í þróunarverkefnum fyrirtækisins. Starfstöð viðkomandi verður á Skagaströnd.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í fyrrgreindum fræðigreinum.
- Reynsla af þróunarstarfi í matvælavinnslu er kostur.
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk.**

Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd.

Nánari upplýsingar veitir:
Halldór G. Ólafsson halldor@biopol.is framkvæmdastjóri í síma 452-2977 eða 896-7977

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA HJÁ SKEMMTILEGU OG FRAMSÆKNU FYRIRTÆKI?

A4

Við hjá A4 óskum eftir að ráða söluráðgjafa til starfa í fyrirtækjasölu

### HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI:

- Símasala og þjónusta við fyrirtæki og stofnanir
- Tilboða- og samningagerð
- Móttaka og símsvörun
- Móttaka pantana og úrvinnsla
- Almenn umsjón með fundarherbergjum
- Innkaup veitinga og rekstrarvara
- Ýmis almenn skrifstofustörf

### KRÖFUR UM HÆFNI OG PERSÓNULEGA EIGINLEIKA

- Reynsla af sölustörfum og brennandi áhugi á sölumennsku nauðsynleg
- Framúrskarandi þjónustulund og góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Kraftur og frumkvæði í starfi og vilji til að byggja upp ítarlega þekkingu á vörum fyrirtækisins
- Góð almenn tölvuþekking, þekking á AX kostur en ekki skilyrði
- Geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Alfa Lára Guðmundsdóttir, í síma 580-0000.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið **alfa@a4.is**. Umsóknarfrestur er til og með **2. október 2016.**

A4 er framsækið fyrirtæki og leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara og leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini. Við erum stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 starfsmenn.

**Saumastofa/ fataviðgerða-verkstæði á höfuðborgarsvæðinu til sölu.**

Farsæll rekstur í 15 ár.
Stór og tryggur viðskiptavinahópur, allt frá Suðurnesjum til Akraness.

**Allar nánari upplýsingar í síma 8474684**

## Starfsmenn óskast

Óskum eftir að ráða reglusama, stundvísa og handlagna menn til starfa á CNC sög og við framleiðslu á granít og kvarts borðplötum.

Upplýsingar gefa Ragnar og Sigurður í síma 566 7878
Einnig er hægt að senda umsóknir á rein@rein.is

**Steinsmiðjan Rein | Viðarhöfða 1 | 110 Reykjavík**

Fljótsdalshérað

## Laus störf á Egilsstöðum - Fljótsdalshéraði

### Yfirmaður eignasjóðs á Skipulags- og umhverfissviði

Fljótsdalshérað auglýsir laust starf til umsóknar, yfirmann Eignasjóðs á Skipulags- og umhverfissviði.

Yfirmaður Eignasjóðs heyrir undir deildarstjóra á Skipulags- og umhverfissviði.

Í starfinu felst eftirlit með viðhaldi allra húseigna Fljótsdalshéraðs í samræmi við fjárveitingar hverju sinni, yfirferð á félagslegum íbúðum við leigjendaskipti, yfirumsjón á nýframkvæmdum sveitarfélagsins og úttektir á þeim.

Að auki er starfsmaður eignasviðs staðgengill skipulags- og byggingarfulltrúa og á eftir atvikum að yfirfara aðaluppdrætti, sinna úttektum og eiga samskipti við umsækjendur, hönnuði, stofnanir og fleiri.

Menntunar og hæfniskröfur eru háskólapróf í byggingar-, tækni-, eða verkfræði. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum eru mikilvæg svo og sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Upplýsingar um starfið veitir Vífill Björnsson í síma 4 700 700 eða á netfangið vifill@egilsstadir.is

### Þjónustumiðstöð – Starf viðhalds- og tækjamanns

Um er að ræða 100% framtíðarstarf. Starf í Þjónustumiðstöð er mjög fjölbreytt og felur m.a. í sér viðhald á bílum og sláttutækjum, snjómokstur, viðhald gatna og aðstoð við viðhald á mannvirkjum sveitarfélagsins. Einnig fellst í starfinu vinna á skíðasvæði í Stafdal, s.s. troðsla og viðhald búnaðar.

Menntunar og hæfniskröfur eru réttindi til stjórnunar vinnuvéla og aukin ökuréttindi, menntun í bifvélavirkjun eða góð reynsla af viðgerðum og viðhaldi tækja og búnaðar. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum eru mikilvæg svo og sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Um er að ræða dagvinnu og einhverja kvöld og helgarvinnu, sér í lagi á opnunartíma skíðasvæðis.

Upplýsingar um starfið veitir Kári í síma 864 4979 eða á netfangið kari@egilsstadir.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 30.september 2016.**
Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum á netfangið vifill@egilsstadir.is. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

**Í samræmi við jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs hvetur sveitarfélagið karla jafnt sem konur til þess að sækja um starfið.**

*Deildarstjóri Skipulags- og umhverfissviðs.*



## VERSLUNARSTJÓRI ÓSKAST

Við óskum eftir að ráða verslunarstjóra í verslun okkar Topshop Kringlunni.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

Daglegur rekstur verslunar þ.e. þjónusta viðskiptavina, mönnun, uppgjör, vörumóttaka, framsetning vara og almennt útlit verslunar.

### HÆFNISKRÖFUR

Reynsla af stjórnun og/eða verslun.
Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
Brennandi áhugi á tísku.
Tölvukunnátta og vandvirkni.
Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á gudrun@hbu.is
Umsóknarfrestur er til og með 2.október

TOPSHOP

# Sérfræðingur á fjármálasviði

**Hefur þú áhuga á að takast á við krefjandi verkefni hjá vaxandi fyrirtæki?
Festi hf. leitar að metnaðarfullum og samskiptaliprum aðila í teymi fjármálastjóra.
Fjármálastjóri fer með yfirumsjón fjármála, upplýsingatækni, greininga og öryggismála.**

### Helstu verkefni:

- Upplýsingagjöf og greiningar
- Úrvinnsla og framsetning á tölfræðilegum upplýsingum
- Gerð fjárhagsáætlana
- Ferla og umbótavinna

### Hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun
- Samskipta- og samstarfshæfileikar og hæfni til að byggja upp sterkt tengslanet
- Reynsla af sambærilegum verkefnum kostur

**Festi hf. sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja:**
Fyrirtæki Festi hf. eru; matvöruverslunarkeðjurnar Krónan, Kjarval og Nóatún og sérvöruverslanirnar ELKO og Intersport.
Þá rekur Festi hf. einnig fasteignafélög og Bakkann vöruhús.

KRÓNAN NÓATÚN Kjarval ELKO INTERSPORT

**Sótt er um starfið á www.festi.is**
**Umsóknarfrestur er til 2. október 2016**

### Nánari upplýsingar um starfið veita:

Gréta María Grétarsdóttir fjármálastjóri,
**greta@festi.is**

Guðríður H. Baldursdóttir mannauðsstjóri,
**gudridur@festi.is**

Festi hf. | Skarfagörðum 2 | 104 Reykjavík | 559 3000 | info@festi.is

FESTI

# ÍSBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

## Varahlutaverslun

**Nýtt bílaumboð óskar eftir að ráða starfsmann í umsjón með varahlutaverslun**

Leitað er að drífandi og skipulögðum einstaklingi til að hafa umsjón með varahlutapöntunum, sölu varahluta og utanumhaldi á lager.

Almenn þekking á bílum sem og reynsla af pöntunum og sölu varahluta er æskileg.

Umsóknir sendast til og nánari upplýsingar gefur johannes@isband.is eða í síma 620 2333 fyrir 2. október

Íslensk-Bandaríska ehf. (Ís-Band) hefur nýlega opnað umboð fyrir Fiat, Fiat Professional atvinnubíla, Alfa Romeo, Jeep, Dodge, Chrysler og Ram pallbíla. Rúmgott verkstæði að Smiðshöfða 5 sinnir almennum bílaviðgerðum fyrir allar tegundir bíla ásamt varahlutaverslun.

CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

## RÚLLUM ÞESSU UPP!

Við hjá Tokyo Sushi óskum eftir fersku fólki til starfa í eldhúsinu okkar. Í boði er fullt starf og hlutastarf og er vinnutíminn sveigjanlegur.

Áhugasamir sendi ferilskrá á tokyo@tokyo.is. Frekari upplýsingar má finna hjá Daríu Rudkovu mannauðsstjóra í síma: 698-4946.

We at Tokyo Sushi are looking for new staff members to work in our kitchens. We offer part time and full time jobs with flexible schedule.

Please send your CVs and applications to tokyo@tokyo.is. If you need more information please contact human resource manager Daría Rudkova tel. 698-4946.

TOKYO sushi

## » Ráðningarþjónusta



Ört vaxandi endurskoðunarstofa miðsvæðis í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingum í eftirtalin störf:

### Löggiltur endurskoðandi / viðskiptafræðingur

Starfið felst í gerð reikningsskila, endurskoðun, ráðgjöf, skattskilum og öðrum verkefnum. Leitað er að löggiltum endurskoðanda eða viðskiptafræðingi með nokkurra ára reynslu af framangreindum verkefnum.

### Bókari / viðurkenndur bókari

Starfið felst í færslu bókhalds, afstemmingum og öðrum tilfallandi verkefnum. Leitað er að talnaglöggum einstaklingi með reynslu af færslu bókhalds og afstemmingum.

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Vilt þú vinna í skapandi, fjölbreyttu og skemmtilegu umhverfi?

**Menningarfélag Akureyrar leitar að verkefnastjóra kynningarmála.**

**HELSTU VERKEFNI:**

- Móta og framkvæma áætlun vegna markaðs- og kynningarmála í samstarfi við sviðsstjóra.
- Vinna kynningar- og markaðsáætlanir fyrir einstök verkefni leiklistar- og tónlistarsviðs.
- Byggja upp sölukerfi MAk og opna ný tengsl við viðskiptavini og gesti.
- Skipuleggja heimsóknir skóla, leikskóla og annarra hópa bæði í húsið og vegna kynninga á verkefnum MAk.
- Umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum.
- Viðburðastjórn stærri og minni verkefna.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun og reynsla sem hæfir starfinu.
- Þekking og reynsla af markaðs- og kynningarmálum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Brennandi áhugi á leikhúsi og öðru menningarlífi.
- Frumkvæði, mjög góð íslenskukunnátta og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

MAk getur boðið þér fjölbreyttan starfsvettvang þar sem kraftar þínir fá að njóta sín. Þú kemur til með að vinna með hæfileikaríku fólki alls staðar að á landinu og móta framtíð og stefnu nýs félags sem á sér djúpar rætur í hefð og sögu klassískrar tónlistar og leiklistar.

**Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið umsoknir@mak.is. Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2016.**

**UM MAK:**

*Menningarfélag Akureyrar er fjölbreytt, skapandi og áræðið. MAk vill rækta og auðga samfélag sitt með framleiðslu listviðburða með sterka samfélagslega tengingu. MAk vill fóstra og næra listræna hæfileika og metnað og vera þannig uppspretta nýrra og krefjandi verkefna.*
*Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof mynda Menningarfélag Akureyrar.*

MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR




Lækur er sex deilda leikskóli og eru deildar aldursskiptar, eldri börnin eru í Stóra Læk og yngri börnin í Litla Læk. Leikskólinn er staðsettur í Kópavogsdal þar sem stutt er í góð og skemmtileg útisvistarsvæði á öllum árstímum. Leikskólinn hefur afnot af Lækjavelli, fyrrum gæsluvelli, sem nýtist sem útiskóli. Lækur er opinn leikskóli þar sem hluti leikrýmis barnanna er sameiginlegt en hver deild er með sína heimastofu. Lækur starfar í anda hugsmíðahyggju og eru einkunnarorð skólans: sjálfræði, hlýja og virðing. Sjá nánar um leikskólann á netfanginu **laekur@kopavogur.is**.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða og/eða stjórnunar skilyrði
- Reynsla af stjórnum í leikskóla skilyrði
- Hæfni til að leiða faglega forystu og góð færni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Gott vald á íslenskri tungu

**Ráðningartími og starfshlutafall**

Um er að ræða fullt starf. Ráðið er í starfið frá og með 1.desember 2016 eða samkvæmt samkomulagi

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Unnið er samkvæmt starfslýsingum Félags stjórnenda leikskóla. Starfslýsingu má finna á **www.ki.is**.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Kópavogs þurfa að undirrita heimild til að afla upplýsinga af sakaskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. október**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar, **sigurlaugb@kopavogur.is** í síma 570 1500 eða 861 5440.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

**Árvirkinn**
SELFOSSI
www.arvirkinn.is

## TÆKNIMAÐUR

**Óskum eftir að ráða til starfa á Tæknideild.**

Mann vanan öryggis – bruna – myndavéla
og símkerfum ásamt öðrum verkefnum.
**Umsóknum og fyrirspurnum skal senda á póstfangið arvirkinn@arvirkinn.is**

---

# VERSLUNARSTJÓRI NETTÓ GRANDA

**Við leitum að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum verslunarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.**

### STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Umsjón með ráðningum starfsmanna og almennri starfsmannastjórnun.
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun sem og önnur tilfallandi störf.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Marktæk reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi hjá verslunar og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á umsokn@netto.is.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Guðni Erlendsson í síma 421 5400.**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**nettó**

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu hagmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu hagmála og fjárlaga.

**Starfssvið**
- Upplýsingaöflun og framsetning tölfræðilegra upplýsinga.
- Greining, úrvinnsla gagna og birting á staðtölum málaflokka.
- Kostnaðargreining og gerð og umsjón reiknilíkana.
- Þátttaka í stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir ráðuneytisins.
- Gerð fjárlagatillagna, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í hagfræði, tölfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna.
- Þekking á gagnagrunnum og framsetningu upplýsinga.
- Þekking og reynsla af viðskiptagreind (e. Business Intelligence) er kostur.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er kostur.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.
- Þekking og reynsla af teymisvinnu og verkefnisstjórnun er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi. Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Darri Andrason skrifstofustjóri, olafur.darri@vel.is, og Dagný Brynjólfsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra, dagny.brynjolfsdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en **17. október nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 23. september 2016.*

---



# SÉRFRÆÐINGUR Í TEKJUSTÝRINGU

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 81434 9/16

**Icelandair leitar að eldklárum sérfræðingi til starfa í tekjustýringardeild á sölu- og markaðssviði. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á tekjustýringu og öllu sem tengist starfi sérfræðings á því sviði.**

**STARFSSVIÐ:**
- Tekjustýring markaðar
- Yfirumsjón með birgðastýringu
- Vinnur að tekjuvernd (e. revenue integrity)
- Greinir og túlkar sölu- og bókanaupplýsingar
- Þróar og leiðir aðgerðir á sviði verðlagningar og birgðastýringar til að hámarka tekjur
- Leitast við að mæla árangur verkefna og aðgerða

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf í verk-, hag-, eða viðskiptafræði eða sambærilegum greinum
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Samskiptahæfni og geta til að vinna í hóp
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Fróðleiksfýsn

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi. Viðkomandi þarf að hafa framúrskarandi samskiptahæfileika og markvissan áhuga á velgengni í starfi.

Icelandair er stór vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi. Við sækjumst eftir að fá í lið með okkur jákvæða einstaklinga með brennandi áhuga á verkefnum dagsins og metnað til að ná góðum árangri til lengri tíma.

**Nánari upplýsingar veita:**

Pétur Ómar Ágústsson | Mannauðsstjóri markaðs- og sölusviðs | poa@icelandair.is

Matthías Sveinbjörnsson | Forstöðumaður tekjustýringar | matthias@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 30. september 2016.

ICELANDAIR

# RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðar starfa. Umsókn sendist á netfangið rafbodi@rafbodi.is. Þurfa að geta byrjað sem fyrst.

RAFBOÐI ehf.

Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

## STEFNIR ÞÚ HÆRRA?

Við á Húsaskjóli fasteignasölu leitum að metnaðarfullu starfsfólki í söluteymið okkar. Skilyrði er að viðkomandi sé löggiltur fasteignasali eða í námi til löggildingar.

Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Húsaskjóls fasteignasölu – www.husaskjol.is

Húsaskjól fasteignasala

HUAWEI

## Administrative Coordinator

Huawei is looking for an Administrative Coordinator to our office in Reykjavik. We are offering an exciting position and the opportunity to grow in a world leading company.

**Responsibilities:**
- Answering the telephone, taking messages and dealing with inquiries, photocopying and faxing;
- Hotels booking and management;
- Assisting Management team;
- Company apartments monitoring – check in/check out;
- Manage the company carpool;
- Responsible person for submitting of Purchase requests for administration department;

**Requirements:**
- Experience in administration and office work for at least 2 years;
- Good at Excel and Outlook;
- Excellent knowledge of English – both written and spoken;

**To apply:**
Please send your CV and cover letter in English to Victoria.annas@huawei.com or apply through www.huawei.easycruit.com (here you can find the complete job description as well).

HEILSUGÆSLAN



## Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra sex heilsugæslustöðva.

Um er að ræða starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti, Efstaleiti, Hlíðum, Hvammi, Hamraborg og Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er í gangi breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

### Hæfniskröfur

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### Aðrir eiginleikar

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

### Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember 2016 hvað varðar Heilsugæsluna Efra-Breiðholti, Efstaleiti og Hlíðum og frá og með 1. janúar hvað varðar Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ, Hvammi og Hamraborg eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300, eða í gegnum tölvupóst svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is
- Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, skulu berast Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins rafrænt. Umsóknum fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16. 109, Reykjavík. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

KAPPAR
ALHLIÐA VIÐHALD FASTEIGNA
*Vönduð og góð vinnubrögð*

## VANIR SMIÐIR
*KARLAR/KONUR*

Vegna aukinna verkefna erum við að bæta kraftmiklum smiðum til starfa í fjölbreyttum viðhaldsverkefnum.

Óskum eftir lærðum smiðum og/eða vönu fólki með tölverðri reynslu af byggingavinnu - engin mótavinna.

**FYRIRTÆKIÐ**

Hjá Köppum starfa um 20 manns. Fyrirtækið sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna, bæði innan húss og utan ásamt smíðum á innréttingum.

Meðal viðskiptavina eru húsfélög, fyrirtæki, einstaklingar og opinberar stofnanir.

Umsóknarfrestur er til 30. september

Tekið er við umsóknum á kappar@kappar.is

# Öflugur bókari óskast.

Hjúkrunarheimilin Eir, Skjól og Hamrar og dótturfélög þeirra óska eftir öflugum og áreiðanlegum bókara til starfa. Reynsla við bókhald og uppgjör er áskilin.

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds í Microsoft Dynamics AX, þ.m.t. skönnun og merking fylgiskjala, skráning reikninga, innborgana og greiðslna.
- Afstemmingar á bókhaldsreikningum, bankareikningum og lánadrottnum.
- Vinna við ársuppgjör og árshlutauppgjör.
- Aðstoð við áætlanagerð.
- Önnur störf eftir þörfum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Veruleg þekking og reynsla á bókhaldi er skilyrði.
- Mjög góð kunnátta í Excel og almenn tölvufærni áskilin.
- Þekking á Microsoft Dynamics AX æskileg.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum.

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknarfrestur er til 7. október nk.**
Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvutæku formi til ***edda@eir.is***

Nánari upplýsingar gefur Bjarni Kr. Grímsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Eir Skjól Hjúkrunarheimili

**Eir hjúkrunarheimili - Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík - Sími 522 5700**

## Erum með starfsfólk í eftirfarandi störf

**BYGGINGARIÐNAÐUR**

**FRAMLEIÐSLA-VERKSMIÐJUR**

Smiðir - Pípulagningamenn- Múrarar. Málarar - Járnbindingamenn og aðrir verkamenn. Lagermenn og Dekkjamenn.

**FERÐAMANNAIÐNAÐUR**

Aðstoðarkokkar - þrif og viðhald

HÓTEL-VEITNGASTAÐIR-BARIR

Erum með starfsfólk í jafnt skammtíma sem og langtímastörf.

Allt okkar starfsfólk nýtur allra þeirra starfs- og mannréttindasem eru í gildi á Íslandi.

Verkleigan vinna@verkleigan.is **S:780-1000**





## Garðyrkjumaður

**Leitað er að garðyrkjumanni til að veita Garðyrkjustöðinni Sunnu á Sólheimum forstöðu.**

**Skilyrði:** Garðyrkjumenntun
Þekking á lífrænni ræktun
Hæfni og sveiganleiki í mannlegum samskiptum

**Æskilegt:** Reynsla af starfi með fóki með fötlun

**Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri í síma 855 6001. Umsóknir berist á netfangið solheimar@solheimar.is eða í gegnum heimasíðu Sólheima. Óskað er eftir að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Húsnæði er á staðnum.**

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

**Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 84 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakaríi, matvinnslu, jurtastofu og gistiheimili. Á staðnum eru fimm mismunandi listasmiðjur, leirgerð, listasmiðja, kertagerð, vefstofa og smíðastofa. Menningarstafssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús og íþróttaleikhús.**





## Móttökuritari

### Klíníkin Ármúla leitar að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund.

**Starfið felst fyrst og fremst í**

- Tímabókunum og móttöku sjúklinga.
- Símsvörun og almennri upplýsingagjöf.
- Reikningagerð og uppgjöri.

**Reynsla og hæfni**

- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði í vinnu.

Vinnutími er frá kl. 08:00 – 16:00 alla virka daga.

**Umsóknarfrestur er til 8. október, 2016**. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Eyþórsdóttir, í síma 7797001. Umsóknir sendist á **mottaka@klinikin.is**

*Klíníkin Ármúla er nútímaleg sérhæfð lækninga – og heilsu-miðstöð þar sem starfa læknar og hjúkrunar-fræðingar á ýmsum sérsviðum.*

KLÍNÍKIN ÁRMÚLA

Klíníkin Ármúla · Ármúla 9 · Reykjavík · sími 5197000
www.klinikin.is · mottaka@klinikin.is



Veðurstofa Íslands

# Snjóathuganamaður á Tálknafirði

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða snjóathugunarmann til starfa á Tálknafirði. Einnig kemur til greina að viðkomandi sé staðsettur á Patreksfirði. Um er að ræða hlutastarf í tímavinnu, sem alla jafna er unnið á tímabilinu 15. Október til 15. Maí.

Snjóathugunarmaður fylgist með snjóalögum og veðri í nágrenni við sitt byggðalag og aðstoðar við að meta yfirvofandi hættu á snjóflóðum. Einnig sinnir snjóathugunarmaður reglulegum mælingum á snjó, mælir snjóflóð sem falla og skrifar um þau skýrslur.

Umsækjandi verður að þekkja vel til veður- og snjóaðstæðna á svæðinu. Hann verður að geta gert snjóathuganir til fjalla, jafnvel við erfiðar aðstæður, og starfað undir miklu álagi þegar hættuástand skapast. Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, nákvæmur og hafa góða samskiptahæfileika. Nýr starfsmaður mun fá þjálfun í öryggisatriðum sem tengjast starfinu og mati á snjóflóðahættu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

***Umsóknarfrestur til og með 10. október nk.***

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking**, **áreiðanleiki**, **framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.*

*Nánari upplýsingar um starfið veita **Harpa Grímsdóttir**, fagstjóri ofanflóðavár (**harpa@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000***

*Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**.*



www.vedur.is
522 6000

## Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



# BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

## Píparar

Framtíðarstarf, öll vinna við nýlagnir Atvinnuhúsnæði og Íbúðabyggingar. Mikil mælingavinna framundan. Upplýsingar veitir Ólafur S:693-7325 olafur@bygg.is

## Kranamenn

Vantar vana kranamenn í vinnu. Framtíðarstarf í boði. Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000 guðjon@bygg.is

**www.bygg.is**

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**



ENDURBÆTT VERSLUN, FRÁBÆR VINNUAÐSTAÐA

*Vertu með!*

# DEILDARSTJÓRI GRÓFVÖRU GRANDA

Hjá okkur er öflugur hópur starfsmanna sem myndar sterka liðsheild.

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi okkar og erum við ávallt að leita að góðu fólki.

Við bjóðum upp á mjög góða vinnuaðstöðu í nýrri og glæsilegri verslun á Granda.

Frekari upplýsingar veitir Agnar Kárason, verslunarstjóri, á netfanginu ak@byko.is. Sótt er um starfið á byko.is

***Umsóknarfrestur er til 3. október.***

**STARFSSVIÐ**

Starfið felur í sér afgreiðslu, sölu, ráðgjöf og tilboðsgerð til verktaka, iðnaðarmanna og einstaklinga í framkvæmdum.

**HÆFNISKRÖFUR**

Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að búa að góðri kunnáttu um flest er varðar byggingarefni og meðhöndlun þess ásamt því að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni. Við förum fram á stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

byko.is

FAGMENNSKA - DUGNAÐUR
LIPURÐ - TRAUST

BYKO

# Hönnunarfyrirtækið Döðlur auglýsa eftir einstakling í 50% stöðu sérlegrar aðstoðarmanneskju vinnustofunnar. Lærdómsríkt og líflegt vinnuumhverfi. Sveigjanlegur vinnutími.

Sérstakur aðstoðarmaður.

**Starfssvið**

- Umsjón með bókhaldi og samskipti við endurskoðanda.
- Útréttingar fyrir hin ýmsu verkefni Daðla.
- Aðstoð við daglegan rekstur og skipulag.

**Hæfniskröfur**

- Bílpróf og aðgangur að bíl.
- Reynsla af bókhaldsstörfum.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.

**Umsækjandi þarf að vera tibúinn að hefja störf sem fyrst.**
**Umsóknir skulu sendar á starf@dodlur.is**

**Umsóknarfrestur til 1. október.**

Döðlur.

IÐNVÉLAR

# Óskum eftir tæknimönnum

## fyrir CNC vélar og almennar viðgerðir

**Iðnvélar hefur í áratugi verið leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vélum , tæknibúnaði og rekstrarvörum til iðnaðar.**

**Við óskum eftir jákvæðum og sjálfstæðum einstaklingum til starfa í þjónustudeild Iðnvéla, sem bætist í samstilltan hóp starfsmanna fyrirtækisins.**

### Almennar viðgerðir

Í starfinu felst m.a. Uppsetning, þjónusta og bilanaleit í ýmsum vélum og vélbúnaði.

**Hæfniskröfur:**

- Almenn þekking á rafmagni og vélaviðgerðum.
- Almenn tölvukunnátta
- Góð mannleg samskipti
- Enskukunnátta
- Frumkvæði og samviskusemi

### CNC Tæknimaður

Í starfinu felst m.a. uppsetning, þjónusta og bilanaleit á ýmsum vélum og vélbúnaði, með áherslu á CNC vélar

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í vélvirkjun, rafvirkjun,rafeindavirkjun æskilega en ekki nauðsynlegt.
- Góð tölvuþekking
- Góð mannleg samskipti
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og samviskusemi

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, hafa gaman af mannlegum samskiptum á reyklausum vinnustað.

**Fjölbreytt og lifandi starf**

Umsóknir sendist til Margrétar Hansen,
margret@idnvelar.is
Ekki er tekið á móti umsóknum í síma.

# ÚTBOÐ

## Útboð nr. 20429 Myglusveppsviðgerð á flugturninum hjá Reykjavíkurflugvelli

Ríkiskaup fyrir hönd Isavia ohf. óska eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í opnu útboði á viðgerð á Flugturni við Reykjavíkurflugvöll. Flugturninn við Reykjavíkurflugvöll er steinsteypt hús og hefur verið klætt að utan. Vegna lekavandamála er hluti af húsinu skemmdur vegna myglu. Búið er að laga leka og koma í veg fyrir raka í byggingarhlutanum. Verkið snýr að niðurrifi á mygluskemmdum byggingarefnum og hreinsun byggingarhluta til að fjarlægja alla myglu og myglugró sem leynst getur víða. Um er að ræða 1, 2, 3, 4 og 6. hæð, þó ekki stigahús. Vettvangsskoðun verður haldin 30. September 2016 kl. 10.00 í flugturni.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa ***www.rikiskaup.is*** miðvikudaginn 28. sept. nk. Opnun tilboða verður 13. október 2016 kl. 10.00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c.

**Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Framleiðsla og pökkun á handgerðu konfekti

Við leitum annars vegar að starfskrafti í framleiðslu á konfekti og hins vegar við pökkun í konfektgerð okkar að Kirkjustétt 2-6 Grafarholti, Reykjavík. Umsóknir vinsamlega sendist á hjalti@konfekt.is

HR
HAFLIÐI RAGNARSSON CHOCOLATIER

MOSFELLSBAKARÍ

Mosfellsbakarí Háholti 13-15 Mosfellsbæ | www.mosbak.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Útvarpsreitur við Efstaleiti. Eftirlit, útboð nr. 13793.**

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# LEIGUSAMNINGUR

**Borgarbókasafnið Menningarhús Gerðubergi óskar eftir áhugasömum rekstraraðilum til að taka að sér veitingarekstur í Gerðubergi. Um er að ræða leigurými á efri hæð Gerðubergs.**

Þeir sem hafa áhuga á að fá gögnin send í tölvupósti, vinsamlega sendi innkaupadeild Reykjavíkurborgar beiðni á netfangið utbod@reykjavik.is frá og með þriðjudeginum **27. september 2016**, með upplýsingum um:

- **Nafn,**
- **Heimilisfang**
- **Kennitölu**
- **Tengilið**
- **Símanúmer**
- **Netfang tengiliðs**

Gögn á pappírsformi fást einnig frá og með þriðjudeginum 27. september 2016, í þjónustuveri Reykjavíkurborgar 1. hæð, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

***Áhugasömum er boðið á opinn kynningarfund í Gerðubergi mánudaginn 3. október 2016, kl. 10-11.***

Skil umsókna: Fimmtudaginn **20. október 2016**, kl. 14:00, til þjónustuvers Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
13798

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÓSKAST TIL LEIGU

## Fullbúið húsnæði húsnæði óskast til leigu fyrir nýtt meðferðarheimili Barnaverndarstofu

**20421** – Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir nýtt meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 25 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um góða staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu, gott aðgengi og næg bílastæði.

Húsrýmisþörf meðferðarheimilisins er áætluð um 1.000 fermetrar. Það skiptist annars vegar í meðferðarhluta og hins vegar í þjónustuhluta:

- Meðferðarhlutinn skal rúma aðstöðu fyrir 6 einstaklinga í tveimur aðskildum einingum (alls um 460 m2) og öryggis- og móttökurými fyrir 2 einstaklinga (um 110 m2).
- Þjónustuhlutinn skal rúma sameiginleg rými, fjölskylduíbúð, skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og önnur stoðrými (um 430 m2).

Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði um það bil 25 talsins og hluti þeirra verði á vöktum. Húsnæðið getur verið í aðskildum tengdum byggingum.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is **þriðjudag 27. september 2016.**

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, staðsetningar, stærðar húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, afhendingartíma, aðkomu og bílastæða.

Fyrirspurnir varðandi verkefni nr. 20421 skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 31. október 2016 en svarfrestur er til og með 3. nóvember 2016.

Leigutilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 7. nóvember 2016.

Merkja skal tilboðin; nr. 20421 – Leiga á húsnæði fyrir nýtt meðferðarheimili Barnaverndarstofu.

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. a. lið 1. mgr. 6a. gr.

Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar um:

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetningu, stærð húsnæðis og tillöguteikningar
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu,
- Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

## URRIÐAHOLTSSKÓLI – FULLNAÐARFRÁGANGUR HÚSS AÐ UTAN

**GARÐABÆR ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í VERKIÐ:**
Urriðaholtsskóli - fullnaðarfrágangur húss að utan. Skólabyggingin er að fullu uppsteypt, alls um 5.700 gólf-fermetrar að stærð.

**ÚTBOÐSVERK ÞETTA SKIPTIST GRÓFLEGA Í EFTIRFARANDI VERKÞÆTTI:**

**Útveggir:**
Einangrun, álklæðning og fullnaðarfrágangur allra útveggja. - Alls um 1700 m²

**Álgluggar og -hurðir:**
Smíði, ísetning og fullnaðarfrágangur allra glugga og hurða úr áli. - Alls um 570 m²

**Þakfrágangur:**
Einangrun, dúklagning, farg (torf og hellur) og fullnaðarfrágangur allra þakflata. - Alls um 2700 m²

Tilboðið skal gert á grundvelli útboðsgagna frá Úti og Inni arkitektum, dags. í september 2016. Útboðsgögnin verða aðgengileg á rafrænu formi á vef Garðabæjar – **gardabaer.is**.

**HELSTU DAGSETNINGAR:**
Útboðsgögn aðgengileg á vef Garðabæjar - **28. september 2016**.
Opnun tilboða - **18. október 2016**.
Verktími - **23. nóvember 2016 til 31. maí 2017**.

Tilboðum skal skila í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 18. október 2016, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

MOSFELLSBÆR

## Umhverfissvið Mosfellsbæjar óskar eftir tilboðum í verkið: Klórgerðartæki í Lágafellslaug og Varmárlaug

Verkið felst í innkaupum, uppsetningu- og tengingu á klórgerðartækja (open cell eða membrane cell).

Fjöldi hreinsikerfa í Varmárlaug og rúmmál:
Sundlaugar 2stk 310m³
Pottar 2stk 15m³

**Fjöldi hreinsikerfa í Lágafellslaug og rúmmál:**
Sundlaugar 3stk 580m³
Pottar 3stk 36m³

**Verkið skiptist í tvo áfanga:**
Áfanga 1. skal að fullu lokið 30.desember 2016.
Áfanga 2. skal að fullu lokið 30.mars 2017.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt til áhugsamra með tölvupósti á mos@mos.is eða með mætingu á þjónustuver á bæjarskrifstofa Mosfellsbæjar Þverholti 2, 2. hæð frá og með þriðjudeginum 27.09.2016.

Tilboðum skal skilað á sama stað eigi síðar en **fimmtudaginn 13.10.2016 kl. 14.00** og þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

**Saumastofa/ fataviðgerða-verkstæði á höfuðborgarsvæðinu til sölu.**

Farsæll rekstur í 15 ár.
Stór og tryggur viðskiptavinahópur, allt frá Suðurnesjum til Akraness.

**Allar nánari upplýsingar í síma 8474684**

VERKJALAUSNIR

**Verkjalausnir Sjúkraþjálfun og heilsuráðgjöf óskar eftir að leigja út herbergi í heilsumiðstöðinni frá og með 3.október. Víkurhvarf 1. 203 kópav. Uppl. í s. 855 3866 Guðjón, og s. 820 3535 Eiríkur.**

FRÆÐSLUNETIÐ Símenntun á Suðurlandi
HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

## Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um **náms- og rannsóknarstyrk** fyrir árið 2016. **Styrkurinn nemur 1.200.000 kr.**

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

**Umsóknarfrestur er til 6. nóvember næstkomandi.**

Nánari upplýsingar á
**www.fraedslunet.is og www.hfsu.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is





# FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FYRIR ÁRIÐ 2017

**Framkvæmdasjóðurinn styrkir verkefni sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:**

1. Verkefnið er til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Verkefnið er til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.
3. Verkefnið er til undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda á ferðamannastöðum eða á náttúruverndarsvæðum skv. liðum 1 og 2.

**Áherslur og ábendingar til umsækjenda:**

- Mótframlag styrkhafa miðast að jafnaði við 20% af kostnaði þegar styrkhafi er sveitarfélag eða einkaaðili. Styrkir til svæða í eigu eða umsjón ríkisins eru veittir án kröfu um mótframlag.
- Styrkur greiðist út í samræmi við starfsreglur sjóðsins. Sjá nánar á www.ferdamalastofa.is/umsoknir.
- Áherslur er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga má sjá á www.ferdamalastofa.is/umsoknir.

**Allar umsóknir skulu innihalda:**

a. Verkefnislýsingu sem lýsir hugmyndinni með rökstuddum og skýrum hætti.
b. Kostnaðar- og verkáætlun.
c. Skriflegt samþykki allra landeigenda og/eða umsjónaraðila.
d. Ef sótt er um styrk fyrir byggingu mannvirkja eða til annarra framkvæmda þá verður samþykkt deiliskipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi að liggja fyrir.
e. Ef sótt er um styrk til skipulags- og hönnunarvinnu þá verður að fylgja skriflegt samþykki sveitarstjórnar og/eða skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.

**Hverjir geta sótt um:**

Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

**Hvar ber að sækja um:**

Umsóknum er skilað rafrænt í gegnum Þjónustugátt Ferðamálastofu sem aðgengileg er á www.ferdamalastofa.is/umsoknir og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um umsóknaferlið.

**Umsóknarfrestur:**

Umsóknarfrestur er frá og með 3. október til miðnættis 25. október 2016. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535-5500 eða með vefpósti. framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535 5500

PORT hönnun

EIGNAMIÐLUN SUÐURNESJA
M. Sævar Pétursson M.sc
Lögg. fasteigna- og skipasali

**Sími: 420-4050**
**es@es.is**
**Hafnargata 50**
**230 Reykjanesbær**

## Tækifæri í Sandgerði



**Til leigu:** fallegt atvinnuhúsnæði í hjarta Sandgerðisbæjar. Um er að ræða u.þ.b. 170 m2 skrifstofuhúsnæði sem stendur á um 2.000 m2 lóð og hýsti áður útibú Landsbankans og Póstsins. Húsnæðið skiptist í anddyri, stóran sal, skrifstofu, geymslur, salerni og eldhús. Húsnæðið lítur vel út bæði að utan sem innan og býður upp á marga möguleika á nýtingu, til að mynda fyrir starfsemi tengdri ferðaþjónustu.
Einnig mætti nýta eignina sem íbúðarhúsnæði. Næg bílastæði.
**Nánari uppl. í s: 420-4050 eða á es@es.is**

**Opið hús | sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00 - 14:30**





**Flétturimi 33 — 112 Reykjavík**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúð | 4 herbergi | 117 fm | Stór sólpallur |
| 36.900.000 | Endaíbúð á jarðhæð | | |
| | Davíð fasteignasali | | 897 1533 |

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2**
**• 270 MOSFELLSBÆ**
**• SÍMI: 586 8080**
**• FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

## Kleifar – Vestmannaeyjum



616,6 m2 atvinnuhúsnæði á 8.767 m2 lóð við Kleifar 1 á hafnarsvæðinu í Vestmannaeyjum. Byggingarreitur er skráður 40X160 m. eða 6.400 m2. Á lóðinni stendur 616,4 m2 stálgrindarhús með fjórum innkeyrsluhurðum, sem skiptist í stórann vinnusal, eldhús og starfsmannaaðstöðu. Á efri hæðinni eru skrifstofur og salerni. **V. 220 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

# MIKLABORG


Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520


Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856


Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307


Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181


Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000


Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120


Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634


Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

## 569 7000

Lágmúla 4 108 Reykjavík www.miklaborg.is


Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024


Atli S. Sigvarðsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 899 1178


Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929


Jason Ólafsson
aðstm.fasteignasala
Sími: 775 1515


Svan G. Guðlaugsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 697 9300


Hilmar Jónasson
aðstm. fasteignasala
Sími: 695 9500


Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700




## Garðatorg 2a og 2b

### OPIÐ HÚS
Sýningaríbúð í 2a, íbúð 604
**sunnudaginn 25.sept. kl.14:00-16:00**

Byggingaraðili á Garðatorgi er ÞG Verk ehf. sem ábyrgist traust, gæði og áreiðanleika í viðskiptum

Glæsilegar 99,8 - 195f fm útsýnisíbúðir
Aukin lofthæð í öllum íbúðum
Sér bílastæði í upphituðu bílahúsi
Sérlega vandaðar innréttingar og tæki
Húsið einangruð að utan og klædd
Allar íbúðir í Garðatorgi 4 eru seldar
3 íbúðir eftir í 2a

**Nánari upplýsingar veita:**


Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


Hilmar Jónasson
aðstm. fasteignasala
Sími: 695 9500
hilmar@miklaborg.is


Atli S. Sigvarðsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is


Jason Ólafsson
aðstm.fasteignasala
Sími: 775 1515
jason@miklaborg.is



## Keilugrandi

2ja herbergja íbúð auk sérgeymslu
sérafnotaréttur, pallur til suðvesturs
Mikil þjónusta í næsta nágrenni

Bókaðu skoðun:
**Jason 775 1515** aðstm. fast. Verð: **30,5 millj.**
**Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali s. 899 5856



## Holtsvegur 37

Nýbygging í Urriðaholti, 2. hæð
Þriggja herbergja íbúð með sjávarútsýni
Lyftuhús, stæði í bílageymslu

Bókaðu skoðun:
**Jason 775 1515** aðstm. fast. Verð: **41,5 millj.**
**Gunnar Helgi Einarsson** löggiltur fasteignasali s. 615 6181



### OPIÐ HÚS Í DAG
**laugardaginn 24.sept. kl.13:00-13:30**

## Ásvallagata 44

Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð hæð í góðu húsi við Ásvallagötu
2 stofur 3 góð svefnherbergi 115 fm
Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu


Nánari upplýsingar veitir:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð: **57,9 millj.**



### OPIÐ HÚS
**sunnuudaginn 25.sept. kl.14:00-14:30**

## Bræðraborgarstígur 55

Vel skipulögð íbúð á 1. hæð við Bræðraborgarstíg
2ja herbergja, 55 fm
Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu


Nánari upplýsingar veitir:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð: **23,9 millj.**



## Aðalgata Reykjanesbæ

Glæsilegt einbýli sem í dag er rekið sem gistiheimili. 11 herbergi, matsalur, eldhús, næg baðherbergi. Heitur pottur í bakgarði
407 fm að stærð
Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
**í síma 695 5520** Verð: **89,0 millj.**
**Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



## Ægisíða 76

Glæsileg og mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð í góðu húsi við Ægisíðu
103 fm, 5 herbergja, Lítið niðurgrafin
Góð staðsetning við sjóinn
í hjarta veturbæjarins

Nánari upplýsingar:
**í síma 899 5856** Verð: **54,5 millj.**
**Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali



### OPIÐ HÚS
**sunnudaginn 25.sept. kl.16:30 - 17:00**

## Hlíðarhjalli 53
**jarðhæð**

3ja herbergja íbúð á jarðhæð, 76,3fm
Sérafnotaréttur - sólpallur til suðvesturs
Góð staðsetning
í nágrenni við skóla og íþróttalíf


Bókaðu skoðun:
**Jason Ólafsson,** aðstm. fasteignasala
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515


**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Verð: **29,9 millj.**

EIGNAMIÐLUN SUÐURNESJA

**ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?**
**VIÐ ERUM MEÐ KAUPENDUR**

Vegna mikillar sölu og fyrirspurna vantar okkur eignir á skrá. Við erum með kaupendur að einbýlishúsum, raðhúsum og íbúðum.

Engin skuldbinding og engin krafa um að hafa eignina bundna í einkasölu.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Hafnargötu 50 í Reykjanesbæ og í síma 420-4050. Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst á es@es.is og við höfum samband.**

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

## Ásvallagata 44



**OPIÐ HÚS**
**laugardaginn 24.sept. frá kl: 13:00 til 13:30**

**Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð hæð í góðu húsi við Ásvallagötu**

2 stofur
3 góð svefnherbergi
115 fm
Góð staðsetning
þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Verð: **57,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is

Kristín 820 8101
**Kristín S. Sigurðardóttir**
Lögg. fast.sali.

## Bíldshöfði 18 – 110 Reykjavík




Um er að ræða tvö góð iðnaðarbil sem seljast saman eða í sitt hvoru lagi. Samtals er húsnæðið 317 fm með góðri aðkomu, malbikað plan. **V - Tilboð**

**Traust og góð þjónusta í 13 ár**

## Veiðisport ehf. Selfossi



Til sölu er rekstur Veiðisports ehf. sem er rótgróið fyrirtæki í mjög góðum rekstri. Verslunin er rekin í 93,4 fm langtímaleiguhúsnæði sem staðsett er að Eyravegi 15, Selfossi. Fyrirtækið er umfangsmikið á sínu sviði á svæðinu. Nánar er um að ræða sölu á öllu því sem rekstri verslunarinnar tilheyrir innréttingar, lager og vöruumboð. Frábært tækifæri fyrir aðila til að taka yfir fyrirtæki með stöðugan og góðan rekstur. Mögulegt er að kaupa húsnæðið sem verslunin er rekin í.

**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu.**
**Sími: 480 2900**

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

BÚSETI™

**Öruggur valkostur á íslenskum húsnæðismarkaði í rúm 30 ár**



# Glæsilegar búseturéttaríbúðir við Einholt og Þverholt



## Nokkrar 2ja,3ja og 4ra herbergja íbúðir lausar

**Útborgun búseturéttar frá kr. 1.805.650,-** (leið A: 5% búseturéttur)
**Mánaðargjöld frá kr. 160.134,-** (Leið C+: 30% búseturéttur)




- Glæsilegar og rúmgóðar íbúðir í hjarta Reykjavíkur
- Afhendast fullfrágengnar með vönduðum innréttingum og gólfefnum
- Fyrirmyndar aðgengi í íbúðum og sameign og vönduð útisvæði með gróðri og dvalarsvæðum
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Íbúar geta fengið afnot af sameiginlegum sal og í sameign er fullbúið þvottahús
- Í búseturéttaríbúð sleppur þú við áhyggjur af ytra viðhaldi og býrð við fullt öryggi
- Skipti- og sölukostnaður vegna búseturéttaríbúðar er brot af kostnaði á almennum markaði
- Sem eigandi búseturéttar færð þú vaxtabætur eins og eigandi

Þú greiðir út búseturétt 5-30% í takt við þínar aðstæður og greiðir svo mánaðargjald sem innifelur fastan kostnað vegna íbúðar
Hærri greiðsla búseturéttar = lægra mánaðargjald